

Skógarás F byggingarlýsing

Almennt

Skógarás F er tveggja hæða einbýlishús ofan götu með inngangi á neðri hæð, húsgerð E1b samkvæmt skilmálum.

Þjóðskrárnúmer: 7610-0006
Landnúmer: 207294
Lóðarstærð: 739,2 m²

Form og fyrirkomulag

Aðalinnangangur húss er við hlið bílastæða framan bílskúrs og snýr inngangurinn móti norðaustri. Hann er í skjóli frá helstu vindáttum úr suðri, suðaustri og austri. Á neðri hæð eru auk bílgeymslu og geymslu stór unglingsherbergi og sjónvarpsaðstaða, auk þvottaherbergis og salernis- aðstöðu. Góð tengi eru milli neðri og efri hæðar, þar sem stigaop er breitt. Á efri hæð er stofa, borðstofa og eldhús, svefnherbergi hjóna, fataherbergi, bað og gestaherbergi. Vernd til suðurs og vesturs framan eldhúss og miðrymis tengir efri hæð garðinum. Inngangsrökrur neðri hæðar og vernd eða sólkrokur efri hæðar tengjast með stigarými í miðju húsi, efri hæð hússins myndar þak yfir inngangsrými en lítt glerþak er yfir sólkroki. Bæði þessi innkot í bygginguna eru jafn djúp, líkt og bílgeymslunni hafi verið þrýst inn í brekkuna úr framhlið hússins. Innskotin mynda umgjörð um aðal útrými hússins, bæði fjólskyldunnar og gesta, þau eru lýst upp og klædd hlýju og lítríku timbri sem myndar andstöðu við harða steinveggfleti hússins.

Uppbygging og efni

Útveggir húss eru steinsteyptir og einangraðir að utan skv. reglugerð um kólnun, hjóðvist og eldvörn og síðan steinaðir, nema sólkrokur og innkot aðalinngangs eru timburklædd.

Innveggir á neðri hæð milli íbúðar og bílgeymslu og burðarveggur samhliða honum eftir endilöngu húsi á báðum hæðum eru steinsteyptir. Aðrir innveggir eru hlaðnir eða léttir með málmstöðum. einangraðir með steinull og klæddir með 2x13 mm gipsplötum þannig að ákvæðum reglugerðar um hjóðvist sé fullnægt (EI 60).

Botnplata og gólf milli hæða eru steinsteypt. Hitalögn verður sett í lögna á báðum hæðum og gólf neðri hæðar að mestu flisalagt en efri hæðar að mestu klætt massívu plankaparketi. Gólf bílgeymslu verður vélsípað. Skyggni við bílgeymslu og aðalinnangang er einangrað að neðan og klætt timbri.

Þak verður steinsteypt og klætt með tvöföldum glertréfa- styrktum þakpappa sem límdur er saman á samskeytum og myndar hina eiginlegu vatnshlíf þaksins og síðan einangrað með steinulli að ofan. Ofan á þak kemur tvöfalt lag af torfi, þar sem grassvörðurinn snýr niður á neðra lagi en upp á því efra. Einangrun þaks verður skv. gr. 180.3 og loftklæðning í flokki 1.

Gluggar og hurðir verða úr timbri og gluggar settir í eftir uppsleyptun, en ytri hluti þeirra eða glerjarlistar verða að hluta úr áli.

Þrjú bílastæði eru á lóð. Í bílgeymslu eru inntök veitustofnana. Lagnir verða skv. gr. 188.1 - 188.11. Gólfniðurlögn eru í öllum blaúrymum og öll gluggalaus rými eru loftræst. Staðsetning reykskynjara er háð samþykki slökkviliðsstjóra.

Kólnunartölur einstakra byggingarluta munu ekki yfir- stíga hæstu leyfilegu U-gildi sbr. gr. 180.3.

Vinnustofan Pverá ehf

Skólavörðustíg 12 • 101 Reykjavík • sími 5514060 • fax 5614060 • arkv.is

Skógarás F, Ásland, Hafnarfjörður

teikning: afstöðumynd og grunnmynd efri hæðar

hannað: VB verknr.: 1.145

teiknað: ML kvarði: 1.500 / 1.100

breytt: apríl 2008 dags: 18.12.2006

ylifrand: Valdis Bjarnadóttir arkitekt FAI, FSSA

töluskrá: Skógarás F - 1:100 blaðnr.: 1.01

